Garðabær, 25. febrúar 2016

Umsögn um drög að samræmdu skóladagatali leik- og grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2016-2017

Á fundi skólaráðs Garðaskóla sem haldinn var 25. febrúar 2016 lagði skólastjóri fram drög að skóladagatali næsta skólaárs sem unnin voru í samvinnu allra grunnskóla og leikskóla í Garðabæ.

Umsögn skólaráðs er að meðfylgjandi skóladagatal sé samþykkt .

Skólaráð Garðaskóla vill gera eftirfarandi athugasemdir:

- Fimm daga vetrarfrí lengir skólaárið inn í sumarið. Ef því væri sleppt alveg væri síðasti skóladagur 31. maí 2017.
- Ef einn skipulagsdagur væri hafður inni í vetrarleyfinu væri hægt að hafa síðasta skóladag einum degi fyrr. Það fyrirkomulag hefur þó verið umdeilt meðal starfsmanna skóla.
- Skólaráðið vill spyrja af hverju unglingastigsskóli eins og Garðaskóli þarf að nýta sömu dagsetningar til skipulagsstarfs og leikskólar þegar það blasir við að skipulag og þarfir eru mjög ólíkar. Samræming skipulagsdaga í leik- og grunnskólum veldur því að tímasetningar þeirra henta í vissum tilvikum ekki því skipulagsstarfi sem þörf er á í hverjum skóla. Skóladagatalið styður því ekki jafn vel við faglegt starf og ástæða þykir til. Við skiljum sjónarmið forráðamanna en það er spurning hvort allir skipulagsdagarnir þurfa að vera sameiginlegir.

Fyrir hönd skólaráðs,

Brynhildur Sigurðardóttir

GARÐASKÓLI GARÐABÆ

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla

Garðaskóli • v/Vífilsstaðaveg, 210 Garðabæ • Sími 590 2500 • Fax 590 2501
Netfang gardaskoli@gardaskoli.is • www.gardaskoli.is